



Reykjavík 31. október 2020

Efni: Fjöldatakmörkanir vegna neyðarstígs – menningarstarfsemi

Neyðarstig almannaþingarna vegna COVID-19 er enn í gildi og því mikilvægt að hafa í huga að almennar sóttvarnaráðstafanir. Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar til og með 17. nóvember 2020. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 10 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Þó mega ekki vera fleiri en svo í rými að 2 metrar geti verið á milli óskyldra aðila. Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 10 einstaklingar inni í sama rými, kaffihúsum, og mótuneytum.

Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum. Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir hanskanotkun.
- Notaðu grímu ef ekki er hægt að virða 2 metra nálægðartakmörk.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugðið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðahúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, lykklaborðum, tölvumúsum, greiðsluposum og ljósarofum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Minna gesti bókasafna á handhreinun og tveggja metra regluna með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar.

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott.

Á bókasöfnum er þar að auki æskilegt að huga að:

- Veiran lifir skemur á pappír en plasti.
- Bækur og plastaðar tímaritskápur er rétt að sótthreinsa að utanverðu ef kostur er áður en gengið er frá þeim í hillur.
- Ekki þarf að hreinsa innri síður.

- Draga úr fjölda gesta í bókasafni hverju sinni, t.d. með því að hafa tímamörk á notkun tölva ef þær eru til almenningsnotkunar.
- Ekki hafa í boði leikföng, dagblöð eða tímarit til að lesa á staðnum,
- Ekki bjóða upp á kaffi, loka setustofum o.s.frv.

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna